

D ó m s o r ð :

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarins, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, póst- og símamálastjóra, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 16. desember 1946.

Kærumálið Nr. 8/1945. H/f Bragi

gegn

Erfingjum Einars Benediktssonar.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málflytjanda brast heimild til að krefjast skýrslu um málsatriði.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 22. júní 1945, er hingað barst 3. júlí s. á., kærði sóknaraðili úrskurð bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 16. júní s. á. í máli varnaraðilja gegn sóknaraðilja, en með úrskurði þessum var forstöðumanni Rannsóknarstofu háskólans, Nielsi Dungal, gert að skyldu að leggja fram í málinu skýrslu, er hann hefur samið um krufningu á líki Einars skálds Benediktssonar. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður eftir mati hæstaréttar.

Umboðsmaður varnaraðilja krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður eftir mati dómsins.

Með úrskurði hæstaréttar, upp kveðnum 28. september 1945, var lagt fyrir héraðsdómara að tilkynna þeim venzlamönnum Einars Benediktssonar, sem getur í 3. mgr. 25. gr. laga nr. 19/1940, að þess sé krafizt, að krufningarskýrslan verði lögð fram í máli þessu, og gefa þeim kost á að andmæla því, að skýrslan verði lögð fram, ef þeim þykir ástæða til.

Héraðsdómari hóf þegar tilraunir til að afla þeirra yfir-

lýsinga, sem lýst var. Að lokinni þeirri eftirleitan, sendi hann hæstarétti skjölin aftur hinn 22. f. m.

Tvö börn Einars skálds Benediktssonar, sem í Ameríku dveljast, hafa fyrir þar til bærum stjórnvöldum lýst því, að þau feli tilgreindri konu í Reykjavík á hendur að koma fram fyrir þeirra hönd í málinu, þar á meðal gefa þá yfirlýsingu, er hér er um að tefla, en kona þessi hefur hvorki, svo séð verði, komið fyrir dóm né tjáð sig á annan hátt um málið. Dóttir Einars Benediktssonar, er í Englandi dvelst, hefur lýst því fyrir sendiráði Íslands þar í landi, að hún hafi sent svar sitt til Sigurgeirs hæstaréttarlögmanns Sigurjónssonar, en svar þetta hefur samt ekki verið lagt fram í máli þessu. Hins vegar hefur einn sonur Einars Benediktssonar komið fyrir dóm í Reykjavík. Kveðst hann ekki geta, að svo stöddu, skýrt frá horfi sínu við því, hvort krafizt skuli, að krufningarskýrslan verði fram lögð.

Framangreind börn Einars Benediktssonar eru aðiljar máls þessa. Þau hafa sum ekki gefið ákveðnar yfirlýsingar um það efni, sem hér skal úr skorið, og umboðsmaður þeirra hér fyrir dómi hefur ekki, þótt tilefni væri til, aflað yfirlýsingar konu þeirrar, sem fengið hafði umboð tveggja barnanna. Svo hefur hann og ekki lagt fram svar þeirrar dóttur Einars, sem í Englandi dvelst. Þegar á þetta er litið, þá verður umboðsmaður varnaraðilja ekki talinn hafa nægilega heimild til að krefjast þess, að krufningarskýrslan verði fram lögð. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja kr. 400.00 í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnaraðiljar, erfingjar Einars Benediktssonar, greiði sóknaraðilja, h/f Braga, kr. 400.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1945.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 8. þ. m., hefur Sigurgeir hæstaréttarlögmaður Sigurjónsson f. h. þeirra Katrínar Hrefnu Benediktsson, Decastro, Benedikts Arnar Benediktsson, Erlu Benediktsson, Stefáns Más Benediktsson og Einars Vals Benediktsson höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 11. september f. á., gegn stjórn hlutafélagsins Braga hér i bæ f. h. félagsins og krafizt þess, að siðargreindur samningur verði dæmdur ógildur og stefndi dæmdur til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu að mati dómara.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að hinn 17. janúar 1938 undirritaði Einar heitinn Benediktsson fyrrum sýslumaður samning, þar sem hann selur og afsalar stefnda eignarrétti á öllu því, sem hann hafði samið, og var andvirði hins selda kr. 7000.00. Stefnendur halda því fram, að þegar Einar Benediktsson, faðir þeirra, gerði samning þenna, hafi hann og reyndar löngu fyrr verið svo farinn að heilsu, líkamlega og andlega, að hann hafi ekki getað gert sér ljóst, hvað hann var að gera. Telja þeir, að heilsuleysi hans hafi verið alkunna, og beri því að ógilda samning þenna.

Eftir að gagnaöflun var talið lokið í málinu hinn 26. apríl s. l., ritaði umboðsmaður stefnenda dómaranum bréf og kvaðst hafa orðið þess áskynja, að Einar Benediktsson hafi verið krufinn, og sé skýrsla um skoðun á líki hans í vörzlum forstöðumanns Rannsóknarstofu Háskólans, Nielsar prófessors Dungals, og krafðist þess, að prófessorinn yrði að viðlögðum dagsektum til sín skyldaður til þess að leggja skjal þetta fram í dóm, enda gæti það reynzt mjög þýðingarmikið fyrir úrslit máls þessa, þar eð af því megi ráða mikið um heilsufar hins látna, bæði andlega og líkamlega.

Dómarinn kvaddi síðan samkvæmt heimild í 148. gr. laga nr. 85 frá 1936 umboðsmenn aðilja og fyrrgreindan prófessor Niels Dungal fyrir dóm, og var þeim veittur kostur að gera athugasemdir sínar um kröfu stefnenda. Kannaðist prófessorinn við að hafa í vörzlum sínum skýrslu um skoðun á líki Einars Benediktssonar, en neitaði að leggja hana fram, þar eð það væri sér óheimilt samkvæmt fyrirætlum 10. gr. laga nr. 47 frá 1932, er leggja læknum á herðar þagnarskyldu um slík einkamál, sem þeir komast að í embætti sínu. Umboðsmaður stefnda mótmælti einnig, að prófessorinn yrði skyldaður til að leggja fram skjal þetta, og færði fram til rökstuðnings því einkum 2. mgr. 10. gr. laga nr. 47 frá 1932 svo og það, að hann teldi umboðsmann stefnenda á engan hátt hafa leitt rök að mikilvægi skjalsins fyrir úrslit máls þessa. Var atriðið því næst tekið til úrskurðar.

Telja verður, að framangreint skjal sé þess efnis, að 146. gr. laga nr. 85 frá 1936 taki til þess. Eigi virðist útilokað, að skjal þetta kunni

að hafa þýðingu fyrir málið, og ber því að taka til greina kröfur umboðsmanns stefnenda, enda verður eigi séð, að það fari í bága við 3. tölulið 126. gr. einkamálalaganna né heldur ákvæði 1. eða 2. málsg. 10. gr. laga nr. 47 frá 1932. Verður prófessornum því gert að leggja skjal þetta fram í dóm innan 15 daga frá því, að honum er birtur úrskurður þessi, að viðlögðum dagsektum til umboðsmanns stefnenda, og þykja þær hæfilega ákveðnar 20 krónur.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Forstöðumanni Rannsóknarstofu Háskólans, Niels prófessor Dungal, er skylt að leggja framangreint skjal fram í dóm innan 15 daga frá lögbirtingu úrskurðar þessa að viðlögðum 20 króna dagsektum til Sigurgeirs hæstaréttarlögmanns Sigurjónssonar.

Úrskurðinum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 19. desember 1946.

Nr. 9/1946. **Áki Jakobsson** (Hrl. Lárus Jóhannesson)
gegna

Guðmundi Jörundssyni og gagnsök

(Hrl. Magnús Thorlacius).

Setudómari hrl. Sveinbjörn Jónsson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Öflun skýrslna.

Úrskurður hæstaréttar.

Áður en dómur verður lagður á mál þetta í hæstarétti, þykir rétt samkvæmt lögjöfnun frá 120. gr. laga nr. 85/1936, að héraðsdómari veiti aðiljum kost á því að afla skýrslna um eftirgreind atriði.

1. Umboðsmenn aðilja hafa deilt um það hér fyrir dómi, hvort aðaláfrýjandi hafi, áður en mál var höfðað í héraði, kvartað undan samningi þeim, sem Jakob J. Jakobsson gerði fyrir hönd hans við gagnáfrýjanda, og hvort hann hafi mótmælt gildi gernings þessa vegna umboðsskorts nefnds Jakobs. Ber aðiljum að gefa nákvæmar skýrslur um öll skipti sín í þessu sambandi, eftir að samningurinn var gerður, þ. á m. það, hvenær